

Heimskringla

(Stofun 1923)
Kæmur út á hverjum miðviku.
VINGR PRESS LTD.
222 og 224 BURGESS AVE., WINNIPEG.
Telefon: N-6257

Vorð blaðsins er \$2.00 ársangurinn borg-
let fyrirfram. Allar borgarir sendist
THE VIKING PRESS LTD.

SIGFURD HALLDÓRS frá Höfnum
Ritstjóri.
JAKOB F. KRISTJÁNSSON,
Ráðsmaður.

Útgefið af blöðunum:
THE VIKING PRESS LTD., Box 2105
Útgefið af ritstjórnunni:
EDITOR HEIMSKRINGLA, Box 2105
WINNIPEG, MAN.

"Heimskringla" is published by
The Viking Press Ltd.
and printed by
CITY PRINTING & PUBLISHING CO.
622-525 Burgess Ave., Winnipeg, Man.
Telephone: N-6257

WINNIPEG, MAN., 22. DES. 1923.

Pakklæti

Ásamt beztu jólaóskum vill Heimskringla færa öllum þeim, er svo dreglega og ágætlega hafa lagt skert til jólablaðsins. Einnig þeim, sem voru af þeirri góðfýsi gerðir, að þeir vildu hjálpa þótt þeir sökum anna, og ónógs fyrirvara gætu ekki snúist svo í vörn-garð, sem þeir vildu. Um leið vill þá Heimskringla nota tækifærið til þess að þakka öllum þeim, sem hlýðug til hennar bera, jafnvel þeim, sem ekki hefir þeyrt frá, eins og hinum mörgu góðvinnu, sem velvilð sjna og ánægju yfir ferli blaðsins. hafa látið í ljós, oft með svo miklu innlegri og sterkari orðum en verðskuldað hefir verið. En slíkt þel er bestur spori til þess að gera sitt til að verðskulda dálftið meira af vinsemdinni og velvilðarorðunum, með hverju árinu sem líður. Öllum lesendum sínum óskar Heimskringla af alhug gleðilegra jóla, og að nýja árið verði um alt sem farsælast.

Einar Jónsson.

Þess var stuttlega getið hér í blaðinu um daginn, að vestur væri komið hefti með skrautmyndum eftir listamanninn Einar Jónsson frá Galtafelli. Heftið hefir inni að halda myndir frá þrítugri snildarbraut, frá æskuárunum, á lækjarkakkanum við fjallaræturnar, upp á hátínda bláfjallanna, sem gnæfa langt að baki kolsvartra hamrabelta er þvergirðra brautina; handan við einstigið eggmjóla, sem fjöldinn aldrei reynir að feta; "langt ofar dalsins öpum"; í tár-hreinu svalalöfti, ofar en svo, að minsta reykislaða frá vélheimum ná þangað tungu sinni.

Einar yrkir bæði í ljóðlínunum líta og í stuðlaföllum íslenskum bergtegundum. Yfir list hans hvílir óþífanleg tign og ró viðmarka íslensks hálendis, um leið og hann greypr stuðlahreim íslenskrar frásagnarsnildar í steininn. Gáfa hans er kominn handan yfir landamærin, úr því ríki sem æðra er öllum skilningi.

Langmestur hluti bókarinnar sýnir höggmyndir hans frá "Drengur á bæn," sem gerður er 1894 á vinnustofu Sind-lings, ef rétt er munað, að völdugum snildarverkum, eins og "Konungur Atlantis," "Ór álögum" og "Í tröllahöndum" (1922-1923).

Þá eru næst uppdættir og mótmýndir af húsalagi lýmskonar. Alveg sérstaklega unaðlegt er húsið nr. 73 á 45 blaðsíðu. Það hús væri tilvalið að íslenskrum miðöld-daladamaður byggi sér hér á slóðshöndunum. Þá koma nokkrar ljómandi litmyndir af táknmálverkum Einar.

Mun teplega rangt farið með, að þau málverk beri með sér að hann hallist að einhverju leyti að kenningum guðspekinga. Síðast af myndunum eru uppdættir, myndir frá listasafninu og vinnustofunni í Reykjavík og frammynd af safnhúsinu. En síðast í heftinu er greinargerð um myndaskáldskap Einar, eltið dr. Guðmund Finnogason, á íslensku og dönsku, og ensk þýðing eftir dr. Jón Stefánsson. Framan við höggmyndirnar, er mynd af skornu askloki, og "Einar Jónsson Galtafelli" rist með höfðaletri í hring um lokið.

Myndirnar munu ekki vera komnar hingað vestur til sölu. En snemma verður eitthvað sent. Vér eigum því miður ekki vól á að sjá þessi listaverk Einar; gleðjast daglega yfir þeim; getum ekki komið fagnandi, og farið auðugri, eins og Reykviklingar. Enn þá hafa íslendingar mist illa þá gáfu, að geta vakandi skygnst inn í draumheima, ef

fjárafjórir þessarar bókar ekki megna að vekja meira en hversdagshugsanir í hjörtum þeirra.

Þegar margir Íslendingar hér telja fé sitt í milljónum; hinir bjargast allir, og menning þeirra á síkna minnisvarða skilinn, þá láta þeir höggva "Lampann" í alabastur eða marmara, og gefa hann sem ljósvita á fegursta torg Winnipegborgar.

Einar Jónsson er fyrsti íslenski myndhöggvarinn. Hann á, í margra augum, engan yfirmann sinna samtíðarmanna. Er það góðgá, eða draumórar einir fyrir hönd Íslands, að list hans, sem fyrir vorum skilningarvitum er guðdómleg, sé að eins visir þess sem koma eigi? Að hann sé aðeins, eins og Jónas, Matthías og Stephán, einn af spámönnum fullkunnunarinnar á jarðriki?

Ein mynd jólaboðskaparins.

Skáldið mikla, Goethe, lýsir í leiknum "Faust" skoðun sinni á einu af alvarlegustu málefnum mannanna, eftir að hafa hugsað um það í sextu ár. Þetta umsvifamikla víðfangsefni var það, hvað í raun og sannleika gæti heitið það mikilsverðasta við líf mannsins og þess vert að lífa fyrir það. Í leiknum skýrir hann frá því á þá leið, að hann lætur Faust bera að vörum sér og bergja á hverjum bikar unaðs- og lystisemda, sem lífið á vól á. Hann leitar svölunar við brunn þekkingarinnar, auðsins, valdsins, fegurðarinnar og alls þess sem fáséðast og mest er talið. En ekkert af því færir honum varanlega sælu, ekkert af því friðar sál hans. Fánýti lífsins verður honum jafnvel enn þá ljósara eftir en áður. Í ellinni tekur hann sér svo fyrir hendur, að grafa skurði um landið til þess að draga það úr greipum sjávarins.

Hann hugsar með sér, að ekkert geti fremur borið vott um vald hans en það, að sigrast á sjálfum höfuðskeppnum. En á sama tíma og hann er að framkvæma þetta, vaknar sú hugsun hjá honum, að hann sé með þessu, að gera milljónum manna á komandi tímum auðveldara fyrir að afla sér brauðs síns á heilarglegan hátt. Þessi hugleiðing hans um að hann sé að þjóna öðrum með þessu, færir honum loks hið langþreyða augnablik fullkunnunarinnar: Then dared I hail thee, moments fleeing.

Ah, still delay — thou art so fair!
(Þá þorði eg að heilga ykkur, flughröðu augnablik. Ó, dveljið — sem eruð nú svo björt!)

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

S. E.

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

Er þetta ekki ein mynd jólaboðskaparins?

inn er skipulega og gáfulega skrifaður; gefur ágætt yfirlit yfir skáldskaparstefnu og lífaleiki Tagores. Væri góð þjóðræni að halda slíka fyrirlestra nokkru oftari en gert er meðal Íslendinga hér í Winnipeg, ef menn mættu missa Goodtemplarhúsið til þess frá öðrum þjófum, eina kvöldstund í mánuði eða svo. Þeir sem á það hlýddu, myndu naumast biða varanlegt tjón á sálum sínum þessvegna.

Sama fjölbreytnin er í síðara heftinu. Og eg held að mér þyki það jafnbetta.

Fyrst í heftinu er all-löng smásaga "Hjálp í viðlogum", eftir ritstjórn. Það er garman-samur kaflur úr lífi Winnipeg Íslendinga. Um hana Jóninu, sem þykir svo dæmalaust gaman að dansa, og er gift honum Kela, sem vel hefir má heita "Pétur" því hann er traustur sem "hellubjarg" og djákni þar að auk, að maður ekki tali um að hann er björgunarhringur, bál og akkeri Jóns þá á stórsjóum hrostatjarnarinnar í Winnipeg. — Frásögnin er góð; víða ágæt, þegar sjónarmið Jóninu kemur í ljós. Persónurnar glögt og vel dregnar, sérstaklega Jónina og Jón Pá. En því er ekki hægt að neita, að Jónina sleppur vei frá æfintýrinu í Eden sinni. Og sýnu dýrara verði varð formóðir okkar Eva að kaupa augnabliksnautina í sínum Argarði. En, eins og viðkvæðið segir: "Það er nú annað þá og nú."

"Jólakertin" er ágætlega fallegt kvæði, einfalt, en næmt á hug manns. "Hugrúnirnar" eru margar fyrirtak. Og væntanlega hafa þær einhver áhrif. Hvað segja jätundur Jesu (sem guðs, eða guð-manns) t. d. um þessa hugrún: "Sá, sem berst á móti jafnaðarstefnunni, berst á móti kenningu Jesu Krists."

Þrátt fyrir hin augljósu samindi þessarar hugrúnar, er eg ekki algerlega samfærður um að allir "kristnir" Íslendingar "Sögu" séu höfundinum samdóma.

"Jólakötturinn", er vafalaust beztu sagan sem enn hefir komið í sögu, og er töluvert mikilið sagt með því. Eg vil ekki segja að sagan sé að öllu lýtalaus. Það er svoddan ógnar munni. En hún er smíðadýr, og ekki mjög langt frá því að vera lýtum sneidd. Þorsteini getur skotist með ádeilur, í gamni sem alvöru, og með fyndni, en honum skýst sjaldan með það er til samúðar nær. Svo sönn er tilfinning Þorsteins alstaðar í þessari sögu að hann hefir lesarann algjörliga á valdi sínu, enda er frásögn hans hér á beztu stigi.

"Jólakötturinn", er áreiðanlega með fallegustu dýrasögum sinnar tegundar, sem eg hefi lesið. Samuðin við sál dýranna er svo mikil, og innleiðinn sem pennanum stjórna svo ómengaður, að maður sannfærist um skilning Þorsteins. Í því er meðal annars listin fölginn, sú list, sem skilur á milli óalandi vöngumanna, og himna, sem nauðsynlegt er fyrir mannkynið að setja á vetur, ef það vill áfram, og upp til lífanda lífs. Lesandinn er betri maður meðan hann les "Jólaköttinn", og eg held að smíðalega athugul maður verði ósköp lítið skárr maður á eftir líka.

Það er af því að menn verða svo sjaldan fyrir þeim áhrifum, að mannkynið er ekki lengra komið. Þau þyrftu að vera æði sterk og tíð, ef vel ætti áfram að miða, því lítið gengur í hvert eitt skifti.

"Breytingin" er ágætt kvæði. Þorsteinn hittir þar markað, svo sýngur í. Breytingunni frá barneskunni, með gljúpri barnslund, sem alt má gera úr, himinn eða helvíti, og alt þar á milli, í 16 ára sálarnekt, er líst hárvist, napurt og kjarnyrt. Síðasta vísan er svona:

Með mjallar og kvöldroðans kinnable,
svo kaldan, sem frostsins rós á sne,
hver skaplyndis hrukka er falin og fylt
með farfa úr krukum og brúsum.
Guðs heilaga musteri hett og spilt
af hungurum tizkulúsum.

Svona á að kvæða, Þorsteinn! Auðnist þá á þess að verða þu leið þrúðikari í oddborgarastíl, þá er mikilið unnið.

"Íslenskt himnaríki" og "Ræðan", er ekki ólíklegt að valdi einhverju hugsanaróti hjá einstöku manni, sérstaklega "Ræðan". Það verður fróðlegt að sjá, eða heyrja, ef ekki skyldi sjást, hvernig Mörlandinn hér tekur í ræðu séra Eggerts. Hún er fangild í dag, þótt hún eigi að vera haldin fyrir rúnum 10 árum. Það er ekki gefið að það verði alt ómerkustu Vestur-Íslendingarnir, sem verða séra Eggert samála í höfuðatriðum, ekki einungis um kirkjumálin, heldur einnig um það, er hann hefir um þjóðernismálin að segja.

"Gimsteinasalinn og bóksalinn", er góð saga, og sömuleiðis "Snjóföð", en þó ekki með því beztu sem eftir Þorstein liggur. "Íslenskir bústópar" er einkar skemtilegur kvæðaflokkur, lýsing forn-íslenskrar sveitamenningar, en hett er við að sú kunnátta sem þar er talin, sé í fátta hjúla höndum nú orðið. "Vestra og Eystra" er dælt smellið, en aftur á móti hefir Þorsteini skotist með "A Royal Alexandra". Það er í þessari velgerðu bók, eins og vængstýfður hrafnungi í söngfuglahóp. Íslensku þjóðsagnirnar þykja mér betri en í fyrria heftinu; t. d. er töluvert bragið að reimeikanum sem Lina Gillies segir frá. — Að öðru leyti, er sama fjölbreytnin í þessu og var í fyrria heftinu, og væri tvisverknauður að telja alt smekkið upp, sem dreift er innanum til smekkbætis.

"Saga" á vel skilið líf, ef hún hefur svona áfram, sem engin ástæða er til að efast um. Þorsteinn er sýnilega frjór og þag er grófi að því fyrir íslenskar bókmentir, að hann geti fengið næði til þess að skrifa. Sé svo illa komið íslenskra flestraríyn, og lestrarviti hér vestra, að "Saga" verði bráðlega að hætta göngu sinni, þá á Þorsteinn að hverfa austur um haf. Hann er orðinn of þroskaður til íslenskrar tungu til þess að geta með göðum árangri tekið upp aðra, og það er, of mikilið verðmæti í honum til þess að hann eigi að þurfa að slita sér út í andstæðum verkahring á ónaðsynlegum snöpum. Hvort Austur-Íslendingar vöknðu nógu fljótt til vist um það, skal eg lata ósagt. En bregðist honum á heyrndur hér, er ekki í annað-hús að venda.

Meðan íslenskan tórir hér vestra ætti það að vera metnaðarmál fyrir oss að halda lífi í timarit eins og "Sögu"; svo góðu lífi, að Þorsteinn þurfi ekki að hlífast við að reifa hátt til höggins, er hann vill vega. Hann getur það, ef svigrúm gefst. Og það verður fyrst um sinn enginn skortur á hreinræktuðum miðlungum, að leggja að velli.

S. H. J. H.

Um Jón sterka frá Höfn.

Eftir Guðm. Jónsson frá Húsey.

Það eru til margar sagnir um þá bráður Jón og Hjörleif Arnason frá Höfn í Borgarfirði eystra. Sumt af þeim er í Þjóðsögum Jóns Arnasonar, en sumt hefi eg séð í nýrri timaritum, eftir Pál Melsted og fl.


Eg var að blaða í gömlum skráðum um herna um daginn, og rakst þá á eina sögu um Jón frá Höfn, sem eg hafði skrifað upp heima á Íslandi fyrir 30 árum. Sagan er svo einkennileg að eg hygg hana þess virði að henni sé haldið á lofti, því hún mun hvergi vera til á prenti.

Sá sem sagði mér söguna, var Stefán Arnason Scheving bóndi í Gagnstöð í Hjalastaðahingh. Hann var stálmunnugur og skilríkur maður, þá kominn á áttáttisaldur. Stefán sagði svo frá:—

"Þegar eg var unglingur innan við fermingaraldur, var eg í fóstri á Tjarnalandi. Þangað kom Jón frá Höfn einu sinni, og var þá á ferð út í sveitir. Fóstur min þekti hann, og tók honum vel. Eg man það vel hvað mér fanst mikilið til um þann mann. Hann var eflaust með hæstu mönnum sem eg hefi séð, en hitt var með meiri afbrögðum, hvað hann var samanrekin og beinastór. Mér virtist hann hreint og beint tröllslegur. Þó var maðurinn hæg-látur og góðmánnlegur.

Þegar hann fór, það fóstur min hann að lofa stúlku, sem þar var stódd, að verða sér samferða til næsta bæjar. Þetta var í vorleysingum og vatnagangur mikill og víða lækir í lautum. Það hún Jón því að bera stúlkuna yfir stærstu lækina. Jón tók því vel. Ferðinni var heitið norður að Ekru, og er það sem næst klukkutíma ganga. Eg átti að fara þar norður eftir að smala kindum, svo að við áttum samleið nokkuð af leiðinni. Þegar við komum norður fyrir túnið, varð fyrir okkur lækur. Jón tók þá stúlkuna á handlegg sér, og bar hana yfirum. Þegar þornaði undir fæti vildi stúlkann fara úr fangi hans, eins og venja er til. "Það tekur ekki því, kindin," sagði Jón, "Hér er blautt alstaðar." Hélt hann svo á henni á handlegg sér þar til hann kom í hlaðið á Ekru. Eg fór með þeim nærri alla leið til að sjá hvort Jón héldi þetta út svona langa leið, en það varð ekki séð að honum veitti það örbugt. Hann hafði aldrei handaskifti og hallaði henni ekki á öxl sér, eins og flestir menn gjöra, þegar þeir bera mann. Hann lét hana sitja á handlegg sínum eins og þegar menn bera barn."

Eg efast ekki um að aga þessi sé sönn, því bæði var sögumaður minn mjög vandaður og samnorður, og svo er sagan svo yfirlætislaus og einkennileg, að ólíklegt er að hún sé ykt. Eg efast um að nokkur saga sé til sem lýsir betur afburða kröft-



DODD'S nýrnapiðlur eru beztu nýrnamedalíð. Lækna og gigt, bakverki, hjartabilun, þvag-teppu, og önnur veikindi, sem stafa frá nýrunum. — Dodd's Kidney Pills kosta 50c askjan, eða 6 óskjur fyrir \$2.50, og fást hjá öllum lyfsgögum, eða frá The Dodds Medicine Co., Ltd. Toronto, Ontario.

um Jóns en þessi. Það getur hver sem vill reynt að bera 4 ára barn á þennan hátt, og mun hann fljótt þreytast. En svo er að heyrja á sögunni að Jón hafi teplega vitad af því, annars myndi hann hafa skift um handlegg. Eg spurði Stefán hvort stúlkann hefði verið stór. Hann lýsti henni svo að hún hefði verið lík á vöxt konu er við þekktu báðir, og sem eg vissi að var nálægt 160 pund að þyngd.

Hveitisamlagið.

Kornhlöðustefna samlagsins.

Undanfarið hefir hér í blaðinu verið bent á að aðalastæðan fyrir myndun Hveitisamlagsins var ósk bændanna að losna við óvissuna, sem þeir áttu við að búa með gömlu söluáferðinni.

Ætlanarverk samlagsins má í stuttu máli segja að sé:—

1. Að koma í veg fyrir að hveitinu sé hrugað á markaðinn eftir þreskinguna, og verði þannig lækkað.
2. Að koma í veg fyrir ákafar breytingar á verði með reglubundinni sölu á korni.
3. Að eyðileggja gróðrabrall.
4. Að koma á sem beinustu sambandi milli framleiðanda og neytanda.
5. Að tryggja bóndanum meðalverð á hveitinu á hverju ári.

Á síðustu dögum hafa skýrslur verið opinberaðar sem skýra frá að uppskeran í Argentínu verði langt um minni en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir. Einnig hefir verið skýrt frá að hinn mikli útlutningur sem spáð var að myndi verða frá Rússlandi hafi verið heillasuni einn. Upplýsingar hafa líka komið fram um að uppskeran í Astralíu verði ekki eins mikil og búist hafði verið við.

Þegar fyrstu áætlanir um uppskeruna í þessum löndum kom fram fyrir tveim mánuðum lækkaði strax verðið á hveiti um allan heim. Ef hveiti canadískra bændna hefði öllu verið hrugað á markaðinn þá, í staðinn fyrir að meiri partinum af því var haldið af samlaginu, hefði eflaust tvent skeð. Fyrst; verðið hefði lækkað enn meira; og í öðru lagi að mjög margir af canadískum bændum hefðu selt hveiti sitt á mjögu lágu verði, en nú þegar samlaginu hafa umráð yfir rúnum helming af uppskeru þessa lands, hefir það haft styrkjandi áhrif á verðið og meðlimir samlaganna fá hagnaðinn af herra verði sem nú er og man líklega haldað framvegis, sérstaklega þegar ljóst er nú orðið um uppskeru-horfurnar í þessum fyrnefndu löndum.

Lesendum Heimskringlu er boðið, að senda hingað hvaða spurningar sem þeir kæra sig um að spyrja viðvikjandi samlaginu, og mun þeim þá verða svarað í blaðinu.

Úr bænum.

Leiðrétting. Í kvæðinu May Sawyer, sem birtist í Heimskringlu 9. des þ. á. eru þessar villur: Í fyrsta erindi, önnur ljóðlína: Öll blómin fallin kaldrar jarðar til. — Að vera: Öll blóðin fallin kaldrar jarðar til.